

Ástandsskýrslan

Tæknispjall

24. júní 2015

Yfirlit

- 1 Ensk þýðing
- 2 Myndagögn á data.hafro
- 3 Ganga frá skriftum í SVN
- 4 Parkera SVN svæði
- 5 PDF utan við SVN
- 6 Vinnulagið 2016
- 7 Námskeið í SVN og LaTeX

Yfirlit

- 1 Ensk þýðing
- 2 Myndagögn á data.hafro
- 3 Ganga frá skriftum í SVN
- 4 Parkera SVN svæði
- 5 PDF utan við SVN
- 6 Vinnulagið 2016
- 7 Námskeið í SVN og LaTeX
- 8 Útbreiðslumyndir á vigurformi
- 9 R pakkinn 'hafroep'
- 10 Skrifaðgangur höfunda að SVN
- 11 Stafsetning (spell check)
- 12 Fléttaðir kaflar
- 13 HTML útgáfa
- 14 Innihald skýrslunnar

Yfirlit

- 1 Ensk þýðing
- 2 Myndagögn á data.hafro
- 3 Ganga frá skriftum í SVN
- 4 Parkera SVN svæði
- 5 PDF utan við SVN
- 6 Vinnulagið 2016
- 7 Námskeið í SVN og LaTeX
- 8 Útbreiðslumyndir á vigurformi
- 9 R pakkinn 'hafrorep'
- 10 Skrifaðgangur höfunda að SVN
- 11 Stafsetning (spell check)
- 12 Fléttaðir kaflar
- 13 HTML útgáfa
- 14 Innihald skýrslunnar
- 15 Tenging Gagnaveitu og Oracle
- 16 Heimasíða (plone/wiki)
- 17 Ritróðin – Word og LaTeX

1. Ensk þýðing

Síðustu ár hefur Eric dos Santos þýtt skýrsluna á Publisher formi og þarf nú tækniaðstoð til að vinna með LaTeX skjölin. Þarf að setja upp LaTeX á vélinni hans, svo hann geti séð skjölin sem hann er að vinna með.

Eric, Viktor, Árni, Siggí

2. Myndagögn á data.hafro

Í formála skýrslunnar í ár var lofað að myndagögn yrðu gerð aðgengileg á gagnaveitu data.hafro.is. Þetta þyrfti því að setja í forgang næstu vikur. Gögnin eru núna í gagnarömmum í R og þarf að skrifa út í CSV skrár og setja á vefinn.

Birkir, Árni

3. Ganga frá skriftum í SVN

Hugmyndin er að allar skriftur sem voru notaðar við gerð ástandsskýrslunnar 2015 séu í SVN trénu. R skriftur sem Birkir og Kristján notuðu til að teikna myndirnar ætti að afrita á svæðið `svn/astand/skriftur/kort` (KK) og `svn/astand/skriftur/myndir` (BB).

Birkir, Kristján

1. Ensk þýðing
2. Myndagögn á data.hafro
3. Ganga frá skriftum í SVN
4. Parkera SVN svæði
5. PDF utan við SVN
6. Vinnulagið 2016
7. Námskeið í SVN og LaTeX

4. Parkera SVN svæði

Áður en svn/astand leggst í dvala tókum við svipmynd og köllum hana 2015. Eftir það er gamalt efni hreinsað úr ákveðnum möppum. Einnig verða útlitsskipanir (hyphenation, ~, clearpage, mbox, newpage, linebreak, pagebreak, vspace, ...) hreinsaðar úr köflum, staðsetningar mynda og taflna stilltar á [htpb] og ágrípin virkjuð, svo skjölin séu tilbúin fyrir höfunda næsta vor.

Árni, Siggi

5. PDF utan við SVN

Vinnulagið í ár var þannig að PDF skjöl voru (yfirleitt) stimpluð inn þegar breytingar voru gerðar í LaTeX skjölum. Til að létta á SVN kerfinu langar okkur að halda PDF kaflaskjölum utan við SVN tréð á næsta ári. Þá myndu uppfærð PDF skjöl birtast sjálfkrafa, t.d. á R-drifinu, um leið og breyting á LaTeX skjali er stimpluð inn. Sjálfvirkur PDF smiður af þessu tagi væri gott vinnulag.

Gunnar, Siggi, Árni

6. Vinnulagið 2016

Hvað gerum við öðruvísi á næsta ári? Uppfæra þarf höfundaleiðbeiningar og innviði sem tengjast öðrum liðum sem hafa verið nefndir:

- (a) höfundar skila af sér gögnum fyrir myndir í figdata
- (b) höfundar stimpla sjálfir inn í SVN kerfið
- (c) myndaskriftur verða í SVN
- (d) PDF verða utan við SVN
- (e) hugsanlega PDF útbreiðslumyndir
- (f) hugsanlega sjálfvirk leit að stafsetningarvillum

Árni, Siggi, Birkir, Gunnar

7. Námskeið í SVN og LaTeX

Ræða við Sólveigu um almennt námskeið í haust. Fyrir utan alla sem koma að gerð skýrslunnar eru aðrir sérfræðingar einnig farnir að nota þessi tól, bæði í einstaklings- og samstarfsverkefnum. Orðið tímabært að bjóða upp á almenna leiðsögn til að auðvelda samstarf og sjálfvirka öryggisafritun á rannsóknaverkefnum.

Árni, Gunnar, Sólveig

8. Útbreiðslumyndir á vigurformi

Kort sem sýna aflu og strandlínu Íslands hafa verið skrifuð í PNG skrár en væri e.t.v. betra að hafa á PDF formi. Þessi kort eru mörg og taka stóran hluta af lokastærð skýrslunnar. Athuga hvort gagnaramminn 'island' sé með hæfilega upplausn á strandlínunni til að kortin taki fá MB og líti vel út. Mætti jafnvel skoða nýtt útlit í samráði við Julian og Einar Hjörleifs, sem hafa kynnt sér nýjustu aðferðir í kortagerð í R.

Kristján, Siggí

9. R pakkinn 'hafrorep'

Þessi nýi pakki kemur að sjálfvirkjun töflukaflans. R föll sem tengjast eingöngu gerð skýrslunnar mætti flytja í nýja pakkann, t.d. `endspace()` og `labit()` úr 'hafroAssmt'. Þarna færi líka vel á að geyma fallið `leg()` fyrir myndaskýringar og `aflamynd()` sem teiknar útbreiðslumyndir.

Siggi, Birkir, Kristján, Árni

10. Skrifaðgangur höfunda að SVN

Best væri að höfundar hefðu skrifaðgang að svn/astand/hofundar og myndu skila sínu efni þangað. Ritstjórn myndi ekki skrifa á það svæði, heldur færa skjalið úr svn/astand/hofundar yfir í svn/astand/ritstjorn og vinna með það þar. Við færsluna er skjalinu eytt úr hofundar enda allar frekari breytingar gerðar innan ritstjorn. Aðeins ritstjórn ætti að hafa skrifaðgang að svn/astand/ritstjorn.

(Þarf ekki að hefta aðgang, nóg að hafa skýr tilmæli)

11. Stafsetning (spell check)

Eru til sjálfvirk tól sem ritstjórn gæti notað? Best væri að leita í LaTeX skjölunum, frekar en PDF þar sem búið er að skipta orðum milli lína. Þyrfti helst að bæta við fiskifræðilegu orðasafni í slíkan villupúka.

Birkir, Gunnar, Viktor

12. Fléttaðir kaflar

Í dag er myndagerðin framkvæmd utan við umbrotið. Með því að láta LaTeX skjalið kalla á R skriftur mætti sameina myndagerð og umbrot hvers kafla í fléttuðu skjali (líklega Sweave). Hver væri ávinningurinn eða hugsanlegir ókostir við þetta?

Ávinningur: höfundar geta séð hvort t.d. myndagögn séu á réttu formi, býður upp á sjálfvirkjun einblöðunga

Gallar: undirbúningsvinna fyrir ritstjórn, aðeins flóknara í notkun (bæði fyrir höfunda og ritstjórn), hægir á keyrslu (fyrir smávægilegar breytingar, t.d. línuskipting)

Má koma fléttað frá höfundi, en síðan unnið með LaTeX í ritstjórnarvinnunni.

13. HTML útgáfa

Þó PDF útgáfan verði aðalform skýrslunnar næstu árin, þá væri góð þjónusta við lesendur að bjóða líka upp á HTML útgáfu. Slíkur vefur yrði vonandi unninn af fagaðilum og verður líklega skoðað samhliða almennri uppstokkun vefsins ef að sameiningu við Veiðimálastofnun verður.

Árni, Gunnar, Siggi

14. Innihald skýrslunnar

Þegar tæknimál skýrslunnar eru rædd er oft nefnt að það þyfti líka að ræða innihaldið. Kannski utan við svið þessa fundar, en allt í lagi að nota tækifærið og viðra hugmyndir ef einhverjar eru. Mér finnst t.d. mikilvægt að í skýrslunni verði kaflar um hákarl og skötur. Almenn er lengd hvers kafla í mínum augum bara hæfileg, en sumum finnst að þeir mættu vera styttri. Mætti sýna útbreiðslukort úr stofnmælingum, 1-2 myndir per tegund.

(Fléttun gæti búið til sjálfvirka einblöðunga, athuga með útbreiðslukort úr röllum)

15. Tenging Gagnaveitu og Oracle

Nú er kominn stór gagnabanki á svæðið `data.hafro.is/assmt` í undirmöppunum 2013, 2014, 2015. Þessi gögn eru mikilvæg fyrir Hafró sem grunnur ráðgjafar fyrir flesta nytjastofna við landið. Um er að ræða inntaksgögn og úttak úr stofnmatslíkönum sem liggja ekki fyrir á jafn aðgengilegu formi annars staðar. Fyrir margar tegundir liggja gögnin hvergi annars staðar fyrir.

Þó CSV tré sé ágætt til síns brúks, þá væri Oracle e.t.v. heppilegri geymslumiðill fyrir þessi gögn. Það mætti jafnvel hugsa sér að Oracle geti tuggið inn CSV skrár og líka skrifað út CSV skrár. Þessa hugmynd þyrfti að útfæra með fjölbreytta framtíðarmöguleika í huga, t.d. sem bakgrunn fyrir gagnvirknan vefmiðlara þar sem fólk getur teiknað tímaraðir að vild.

16. Heimasíða (plone/wiki)

Það væri hentugt ef vinnan við Ástandsskýrsluna ætti sér heimasíðu. Þar mætti skoða stöðuna á kaflaskilum (hverjir eiga eftir að skila texta, myndum, töflum og ágripum) og stöðuna á ritstjórninni (umbrot og yfirlestur). Auk þess statískir hlutir eins og leiðbeiningar fyrir SVN og LaTeX.

Kannski væri þægilegast ef allir á Hafró hefðu skrifaðgang að þessari síðu, sem væri þá á plone/wiki eða sambærilegu formi. Slíkt kerfi (wiki.hafro.is) myndi líka gagnast þegar hingað koma alþjóðlegar vinnunefndir og starfa saman vikulangt, sem gerist nokkrum sinnum á ári.

Gunnar, Árni

17. Ritróðin – Word og LaTeX

Eðlilegast væri að bjóða höfundum annarra skýrslna í ritróðinni upp á tvo valkosti, t.d. Word og LaTeX. Lokaútlitið yrði sambærilegt. Í mörgum tilfellum er Word betri kostur, sérstaklega fyrir höfund sem ekki hefur notað LaTeX áður. Sennilega væri best að einhver útbúi Word template sem líkir eftir útliti hafrorep, hvað varðar spássíur og leturstærð. Mætti jafnvel bjóða upp á myndatexta við hliðina á myndum, því oft er það hæfileg myndastærð og góð nýting á plássi. Með þessu mætti leggja af Publisher og 2 dálka uppsetningu og spara tíma við umbrot.

Sigurborg?

Hverjir eru að þæla í hverju

Árni Ensk þýðing, Myndagögn á data.hafro, Parkera SVN svæði, PDF utan við SVN, Vinnulagið 2016, Námskeið í SVN og LaTeX, R pakkinn hafrorep, Fléttaðir kaflar, HTML útgáfa, Tenging Gagnaveitu og Oracle, Heimasíða (plone/wiki)

Birkir Myndagögn á data.hafro, Ganga frá skriftum í SVN, Vinnulagið 2016, R pakkinn hafrorep, Stafsetning (spell check), Fléttaðir kaflar

Eric Ensk þýðing

Gunnar PDF utan við SVN, Vinnulagið 2016, Námskeið í SVN og LaTeX, Stafsetning (spell check), HTML útgáfa, Tenging Gagnaveitu og Oracle, Heimasíða (plone/wiki)

Kristján Ganga frá skriftum í SVN, Útbreiðslumyndir á vigurformi, R pakkinn hafrorep

Siggi Ensk þýðing, Parkera SVN svæði, PDF utan við SVN, Vinnulagið 2016, Útbreiðslumyndir á vigurformi, R pakkinn hafrorep, Fléttaðir kaflar, HTML útgáfa

Sigurborg Ritróðin - Word og LaTeX

Sólveig Námskeið í SVN og LaTeX

Viktor Ensk þýðing, Stafsetning (spell check)